

**Við óskum félögum í Dagrenningu,
sem og öðrum íbúum
Rangárvallasýslu, gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.**

**Þökkum Rangæingum viðskiptin á
liðnum árum.**



Landsbankinn

Starfsfólk útibúsins á Hvolsvelli.



Fréttabréf

Björgunarsveitin Dagrenning

Útgefandi: Slysavarnadeildin og Björgunarsveitin Dagrenning Hvolsvelli.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Magnús Kristjánsson

Umsjón útgáfu: Karítas Björg Tryggvadóttir.

1.Tbl. 28. árg. desember 2021

Kæru félagar og góðir sveitungar.

Nú þegar árið 2021 er að líða undir lok, er vert að renna örstutt yfir það sem var brallað á árinu. Við höfum fengið 41 beiðni um aðstoð það sem af er ári, sem er óvenju lítið miðað við árin á undan. 26 félagar sem sinnu þessum 41 aðstoðarbeiðnum sem einnig er óvenju fáir, sá sem oftast mætti, mætti í 21 skipti. Engu að síður þegar lítið er yfir allt suðurlandið þá eru útköllin flest á okkur, enda stórt svæði með mikið af fólki á ferðinni.

Það er von og ósk allra að það komi ekkert útkall, að það sé enginn sem slasist eða lendi í vanda, það væri fullkomið ár. Það er sérstakt að hugsa til þess að En það sést vel að þegar það er rólegt hjá okkur þá minnkar virkni hjá félögum í sveitinni, og svo á hinn endann að ef það er of mikið af útköllum þá minnkar virkni einnig, fólk keyrir sig út og það verður erfiðara að fá fólk í hin ýmsu verkefni. Þetta er sérstök þæling, að það sem væri fullkomið þýddi að það væri ekki þörf fyrir okkur sem mér myndist ekki svo fullkomið, því félagsskapurinn, fólkið, ævintýrin og brasíð sem ég hef kynnst í gegnum þetta starf er eitthvað sem ég myndi ekki vilja hafa misst af.

Þau eru nokkur verkefni sem við tókum að okkur til að fjármagna rekstur sveitarinnar. Þau stærstu eru flugelda salan og salan á Neyðarkallinum, en þær duga ekki fyrir öllum rekstrinum. Að auki tókum við grafir í kirkjugörðum hér í Rangárþingi eystra, göngum í hús á Hvolsvelli og seljum blóm fyrir konudaginn, sinnum trússi á Laugarveginum yfir sumarið, einnig er fólk duglegt að koma með tómar flöskur og dósir til okkar sem við flokkum, teljum og förum með í endurvinnsluna. Fáum nokkur gæslu verkefni yfir sumarið við hjóla og hlaupakeppnir þar sem við sinnum sjúkra og brautargæslu fyrir keppendur, ef einhver skildi slasast þá erum við stutt frá og getum brugðist fljótt við.

Búnaðurinn okkar eldist og slitnar og þarf reglulega að endurnýja hann og endurskoða þörf hans af og til. Sjaldan er maður til í að hætta með búnað þó svo hann hafi ekki verið mikið notaður undanfarið því maður veit aldrei hvenær hans er þörf næst. En af og til bætist líka við nýr búnaður og hægt og rólega fyllast hillur og hús. Er nú svo komið að við þurfum að fara huga að mögulegri stækkun á húsinu okkar sem kallar á áframhaldandi fjáraflanir. En ég hef nú ekki miklar áhuggjur af því þar sem samfélagið hérna hefur ávallt stutt vel við bakið á okkur og trúi ég því að svo verði áfram.

Vil ég óska ykkur öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári og þakka ykkur kærlega fyrir stuðninginn gegnum árin.

F.h. stjórnar Dagrenningar

Magnús Kristjánsson, formaður.

Valkvæðir greiðsluseðlar

Þessa dagana ætti ykkur að berast valgreiðsla í einkabanka.. Útaf tæknilegum örðuleikum kemur hann inn í einkabankann sem krafa en hann er valgreiðsla. Greiðsla seðilsins er fyrst og fremst styrkur við starf björgunarsveitarinnar Dagrenningar. Við viljum minna á starf sveitarinnar um jól og áramót, svo sem aðstoð við jólasveina, ártal í Hvolsfjalli, flugeldasýning og fleira. Þetta eru ekki hefðbundin verkefni björgunarsveita en kosta samt sitt. Það er von okkar að sem flestir sjái sér fært að styrkja starf okkar og greiða þessa valgreiðslu.

Einnig má styrkja okkur með því að leggja inn á reikning: 0182-26-3227, kt. 670286-1699.

Flugeldasala / Sprzedaż fajerwerków

Flugeldasala Dagrenningar verður í húsi sveitarinnar Dufþaksbraut 10, milli jóla og nýárs og 6. janúar.

Sprzedaż fajerwerków w Björgunarsveitin Dagrenning będzie w budynku przy ulicy Dufþaksbraut 10 w okresie między świętami i nowym rokiem oraz 6.stycznia.

Opnunartími verður:
Godziny otwarcia:

28. des. Kl. 16:00 – 20:00
29. des. Kl. 16:00 – 22:00
30. des. Kl. 10:00 – 22:00
31. des. Kl. 10:00 – 16:00
06. jan. Kl. 16:00 – 18:00



Sýnum samstöðu og verslum flugeldana í heimabyggð. Styðjum við bakið á björgunarsveitinni okkar.

Jólasveinar

Björgunarsveitin Dagrenning mun nú eins og undanfarin ár aðstoða jólasveina hér í Hvolhreppnum hinum forna og Fljótshlíðinni á aðfangadag.

Þeir sem áhuga hafa á því að fá jólasveina í heimsókn til barna sinna er bent á að jólasveinarnir verða að störfum að útbúa pakka merktum nafni og heimilisfangi viðtakanda í húsi björgunarsveitarinnar að Dufþaksbraut 10 **þann 22. desember kl. 19:00 – 22:00.** Jólasveinarnir verða beðnir um að stilla stærð pakkanna í hóf. Sveinarnir munu einungis hitta börnin fyrir utan hús, þeir munu ekki fara inn í hús vegna Covid.

Björgunarsveitarmenn verða síðan jólasveinum til aðstoðar við að koma pökkunum til skila á aðfangadag.

Mikołaj

Ci, którzy są zainteresowani wizytą Mikołaja u swoich dzieci, mogą przygotować prezenty (prosimy jednak o umiarkowane ilości i rozmiary), podpisać imieniem dziecka i adresem i przynieść je do budynku pogotowia ratunkowego - Björgunarsveit przy ulicy Dufþaksbraut 10 we 22 grudnia w godzinach 19:00 - 22:00. Pracownicy Björgunarsveit pomogą Mikołajom w dostarczeniu prezentów w Wigilję, za darmo. Mikołaje spotykać się będą z dziećmi tylko poza domem, nie wejdą do domu z powodu Covid-19.

Verið varkár, varist slysin.